

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
101 Reykjavík
umsagnir@althingi.is

19. júní 2024

Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019 (rekstraröryggi í greiðslumiðlun), mál 662.

Þann 26. febrúar s.l. sendi Blikk hugbúnaðarþjónusta hf. (hér eftir "Blikk") inn umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 92/2019 þar sem farið var yfir almennt jákvæða afstöðu Blikk til umrædds frumvarps. Þann 16. maí s.l. lagði formaður Efnahags- og viðskiptanefndar hins vegar fram minnisblað af hálfu Seðlabanka Íslands þar sem lögð var fram breytingartillaga á 2. gr. frumvarpsins. Í kjölfarið, þann 17. maí, fylgdi nefndarálit með breytingartillögu þar sem meirihluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við 2. gr.

- a. Á eftir 1. másl. komi nýr máslíður, svohljóðandi: Reglurnar geta tekið til innviða rafrænnar smágreiðslumiðlunar, innviða greiðslumiðlunar við útlönd og seðla og myntar.
- b. 2. másl. orðist svo: Í reglunum er heimilt að mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir eins og fyrirkomulag innviða greiðslumiðlunar, netöryggi, tilhögun greiðslufyrirmæla, sannvottun, ábyrgð og uppgjör greiðslna, aðgang að slíkum innviðum og skyldu lánastofnana hér á landi til þátttöku.

Breytingin felur í sér skýrara orðalag um að frumvarpið taki einungis til *innviða* greiðslumiðlunar og að heimildir Seðlabankans geti jafnframt nýst til að tryggja rekstraröryggi *annarra innviða* í greiðslumiðlun hér á landi og þá sem tengja landið við útlönd. Þá felur breytingin í sér brotfall heimildar Seðlabankans til reglusetningar um *gjald fyrir afnot af innviðum* sem byggist á því að sú heimild sé nú þegar til staðar skv. 43. gr. laga um Seðlabanka Íslands. Samhliða því er heimildin til að setja *mörk á gjaldtöku af hálfu greiðsluþjónustuveitanda* felld niður.

Við síðastnefnda breytingu, að fella niður heimild Seðlabankans til að setja mörk á gjaldtöku af hálfu greiðsluþjónustuveitanda, í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 92/2019, gerir Blikk verulegar athugasemdir við og leggst gegn.

Í greinargerð með upphaflega frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Seðlabankans Íslands var heimildin til að setja mörk á gjaldtöku af hálfu greiðsluþjónustuveitanda talin nauðsynlegur þáttur í því að tryggja viðeigandi öryggi og nægilega útbreiðslu innviða fyrir innlenda greiðslumiðlun. Þá er tekið fram að reglusetningin yrði ávallt að rúmast

innan þeirrar löggjafar sem gildir á fjármálamarkaði, sbr. 4. málsl. gr. 6.2., þ.e. Seðlabanki Íslands gæti ekki sett hámark á gjaldtöku í reglugerð sem væri í andstöðu við önnur gildandi lög á markaði, komi til þess að heimildin yrði nýtt. Það verður því ekki séð að mati Blikk að heimildin sem slík sé til þess fallin að vera túlkuð sem inngrip Seðlabankans á samkeppnismarkað eins og fram kemur í minnisblaði formanns Efnahags- og viðskiptanefndar og nefndaráliti.

Þá kemur fram í umfjöllun í greinargerðinni að eitt af því sem Framkvæmdastjórn ESB hefur haft til skoðunar við endurskoðun á PSD2 tilskipuninni (PSD3), sem inleidd var með lögum um greiðsluþjónustu nr. 114/2021, er gjaldtaka fyrir greiðsluþjónustu og hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að hún sé þáttur í því sem hindrar árangur af PSD2. Af því má leiða að nauðsynlegt sé að hafa úrræði sem koma í veg fyrir óhóflega gjaldtöku greiðsluþjónustuveitenda af þjónustu sem neytendur eiga rétt á samkvæmt tilskipuninni.

Blikk tekur sérstaklega undir umsögn Samtaka verslunar og þjónustu dags. 12. júní s.l. þar sem segir “Þegar haft er í huga að bankar kunna að hafa talsverða hagsmuni af því hvernig greiðslumiðlunarstarfsemi þróast hér á landi má í einhverjum mæli halda því fram að breytingartillagan muni tryggja þeim annars vegar möguleika á að hagnast ótakmarkað á gjaldtöku fyrir millifærslur, t.d. við notkun sk. reikning-í- reikning lausna (e. account to account), og hins vegar til að tálma útbreiðslu slíkra lausna.” Ójöfn samkeppnisstaða milli rótgróinna og nýrra greiðsluþjónustuveitenda, svo sem greiðsluvirkjanda, er augljós og myndi óhófleg gjaldtaka bankanna á millifærslur hindra verulega aðgang nýrra greiðsluþjónustuveitenda á markað og úrval greiðsluleiða fyrir neytendur.

Þá hafa heimildir til hámarks gjaldtöku almennt ekki verið túlkaðar sem inngrip stjórnvalda á samkeppnismarkað þegar kemur að neytendum, enda eðlilegt að stjórnvöld hafi heimildir til að búa til ramma og skýrar leikreglur í kringum gjaldtöku gagnvart neytendum. Má þar nefna að í ýmsum lögum á sviði neytendaverndar er kveðið á um hámarks gjaldtöku í neytendaviðskiptum, til dæmis þegar kemur að hámarki á uppgreiðslugjald lána og á árlegra hlutfallstölu kostnaðar, sbr. lög um neytendalán nr. 33/2013.


Enginn frekari rökstuðningur liggur fyrir af hálfu meirihluta nefndarinnar fyrir að fella brott heimild Seðlabankans en sá að hann sé að koma til móts við athugasemdir viðskiptabanka landsins, sem hafa hvað mesta hagsmuni af því að hindra útbreiðslu nýrra greiðslulausna. Hér virðast hagsmunir viðskiptabankanna settir ofar hagsmunum neytenda sem og nýrra aðila eins og Blikk sem eru háðir samstarfi við bankana á sama tíma og þeir eru í samkeppni við þá. Slíkt stangast ekki aðeins á við eitt heldur tvö af grunnmarkmiðum PSD2 tilskipunarinnar; nýsköpun og aukna samkeppni. Þá hefur ekkert mat farið fram á því hvað þessi breyting hefur í för með sér, öfugt við það mat sem lá fyrir og kom fram í greinargerð með upphaflegri breytingartillögu á lögum um Seðlabanka Íslands.

Ef eitt af markmiðum frumvarps til laga um breytingu á lögum um Seðlabankans er raunverulega að tryggja þau markmið sem þegar koma fram í PSD2 tilskipuninni er

nauðsynlegt að sýna það í verki og afturkalla þá breytingu að fella brott heimild Seðlabanka Íslands um að setja mörk á gjaldtöku af hálfu greiðsluþjónustuveitenda.

Virðingarfyllst,

F.h. Blikk hugbúnaðarþjónustu hf.



Ásgerður Þ. Hannesdóttir lögfræðingur